

**Ed.** **140. Nefndarálit** [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Frv. þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 31. júlí 1970, sem heimiluðu Iðnlánasjóði að lána erlent fjármagn frá Iðnþróunarsjóði án gengisáhættu, enda tryggi sjóðurinn hagsmuni sína á annan hátt, en það hefur sjóðsstjórnin gert með vaxtabreytingu almennt úr 8½% í 9%.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með frumvarpinu. Gísli Jónsson var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 12. nóv. 1970.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Oddur Andrésson.	Helgi Bergs.	Karl Sigurbergsson.